



**Ritari:** Laufey Sif Ingólfssdóttir

**Mættir:** Victor, Inga, Dúna, Marianna, Áslaug, Hrafnhildur, Jóna, Guðbjörg, Laufey og Sonja

## Dagskrá fundar:

1. Verkaskipting stjórnar: Varaformaður, ritari, meðstjórnandi
2. Verkefni stjórnar, boðleiðir, samskipti, netföng
3. Fundir og starfsdagar stjórnar
4. Ungmennaráðin
5. Samstarfsverkefni
6. Aðildarfélagar
7. Viðburðir
8. RSK tilkynning
9. Önnur mál
10. Myndataka

## Málefni sem rædd voru:

- Farið yfir verkefni stjórnarmeðlima í praktík og hvernig fundir stjórnar ganga fyrir sig. Verkaskipting stjórnar ákveðin.
- Rætt hvernig fundarhaldi skal háttað og mikilvægi þess að stjórn sé sýnileg á fundum hjá ungmennaráðunum.
- Starfsdagar stjórnar ræddir og hvernig sá dagur fer fram, hentugur tími ákveðinn.
- Kynnt fyrir nýjum stjórnarmeðlimum væntanlega utanlandsferð stjórnar, hvenær skal fara. Frestur eins og staðan er núna er út árið sem vonandi lengist vegna aðstæðna á heimsvísu.
- Ungmennaráð Samfés, félagsmiðstöðva annarsvegar og ungmennahúsa hins vegar. Vangaveltur um það hvernig við getum gefið ungu fólki tækifæri til að taka þátt í ungmennaráði ungmennahúsa sem býr í bæjarfélagi sem ekki hefur ungmennahús?
- Samstarfsaðilar samtakanna: Framkvæmdarstjóri fer yfir þau verkefni sem eru í gangi með samstarfsaðilum.
- Umræður skapast er varðar aðildarfélagar samtakanna og þau viðmið sem nú liggja fyrir, sammála um að skortur sé á viðmiðum fyrir ungmennahús.
- Ástandið á Seltjarnarnesi rætt
- Rætt að vilji sé að reynum eftir fremsta megni að halda inni eins mörgum viðburðum og hægt er, mögulega með nýjum leiðum. Næsti viðburður er Rímnaflæði, 13.nóvember. Mögulega hafa Rímnaflæði í sömu mynd og söngkeppnin í vor og danskeppnin í stúdíói?

## Ákvarðanir teknar á fundi:

- Ritari 2020-2021: Laufey Sif
- Varaformaður 2020-2021: Áslaug
- Tengiliður við ungmennaráð ungmennahúsa 2020-2021: Hrafnhildur
- Fundarform 2020-2021: Þjóða fulltrúum ungmennaráðs á fundina. Langur fundur mánaðarlega og styttri fjarfundir eftir þörfum.
- Greiðsla fyrir fundarsetu (8000kr pr fund) greitt tvisvar á ári. Formaður fær fasta greiðslu mánaðarlega. Fulltrúar ungmennaráða fá greitt strax að loknum fundi.
- Starfsdagar stjórnar: Þriðjudagurinn 27-28.október svo lengi sem Víðir leyfir. L bókar bústað í brekkuskógi.
- Stjórn þarf að setja skýrari umgjörð utanum félagsaðild þá kannski sérstaklega tengt 16+
- Samfés ætlar að bregðast við niðurskurði á Seltjarnarnes
- Rafrænn fundur v. Rímnaflæðis 7.október. Framkvæmdarstjóri ræðir við landlækni/almannavarnir. Formaður boðar fundinn.

## Málefni sem taka þarf fyrir á næsta mánaðarlega fundi stjórnar

- Fyrirkomulag með setu fundar og greiðslu til varamanna rætt betur á næsta fundi
- Hvernig umgjörðin um Samféscon verði háttað, mögulega tvinna saman við starfsdaga?
- Hvar samskipti stjórnarmeðlima eiga best heima, Teams, Facebook, eða annar vettvangur?



Fyrsti fundur stjórnar

30.09.2020

- Plúsinn